

UMBOÐSMAÐUR ALÞINGIS

Þórshamri, Templarasundi 5, 101 Reykjavík
Sími: 510 6700 • Netfang: postur@umbodsmadur.is
Heimasíða: www.umbodsmadur.is

Mál nr. F147/2024

Reykjavík, 25. janúar 2024

Heilbrigðisráðuneytið
Síðumúla 24
108 Reykjavík

Til umboðsmanns Alþingis leitaði nýverið nafngreindur maður og bar fram kvörtun sem laut að löngum biðtíma eftir því að komast að í greiningu hjá Geðheilsuteymi ADHD fullorðinna. Umboðsmaður lauk málinu með vísan til þess að þær tafir sem orðið höfðu í málinu skýrðust af almennum orsökum og væru ekki bundnar við mál hans sérstaklega. Það vakti engu að síður athygli umboðsmanns að kvörtunin, sem og gögn sem henni fylgdu, báru með sér að almennt væri töluvert löng bið eftir því að komast í greiningu hjá teyminu. Í viðtali við formann ADHD-samtakanna í frétt á vefmiðli RÚV í september 2023 kom fram að téður biðtími væri hið minnsta fjögur ár.

Með vísan til framangreindra upplýsinga er þess hér með óskað, sbr. 5. og 7. gr. laga nr. 85/1997, um umboðsmann Alþingis, að heilbrigðisráðuneytið veiti umboðsmanni upplýsingar, eftir atvikum með atbeina Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins, um fjölda þeirra sem nú bíða eftir greiningu hjá teyminu og hver áætlaður biðtími sé. Þá er óskað afstöðu ráðuneytisins til þess hvort og þá hvernig umræddur biðtími samræmist þeim viðmiðum sem landlæknir hefur sett um bið eftir heilbrigðisþjónustu, en þar er lagt til grundvallar að skoðun hjá sérfræðingi fari fram innan 30 daga frá því að beiðni um heilbrigðisþjónustu er lögð fram og aðgerð/meðferð fari fram innan 90 daga frá greiningu. Loks er óskað upplýsinga um hvort þegar hafi verið gripið til eða ráðgert sé að grípa til einhverra aðgerða svo bregðast megji við þeim almenna vanda sem biðtíminn bendir til og þá hverra. Ef það hefur ekki verið gert er óskað nánari skýringar á því.

Þess er óskað að svör berist umboðsmanni eigi síðar en 13. febrúar nk.

Virðingarfyllst,
f.h. umboðsmanns Alþingis

Vilhelmina Ósk Ólafsdóttir

Vilhelmina Ósk Ólafsdóttir
Skrifstofustjóri frumkvæðismála og
OPCAT